

Kirkjuþing 2023-2024

15. mál – þskj. 15a

TILLAGA

að starfsreglum um breytingu á starfsreglum um fasteignir Þjóðkirkjunnar nr. 8/2022-2023.

(Lagt fyrir 65. kirkjuþing 2023-2024).

Flutt af Auði Thorberg Jónasdóttur, Einari Má Sigurðarsyni, Óskari Magnússyni, Stefáni Magnússyni og Steindóri R. Haraldssyni.
Frsm. Stefán Magnússon.

1. gr.

2. mgr. 7. gr. starfsreglnanna orðast svo:

Lagðir skulu til embættisbústaðir fyrir vígslubiskupa í umdæmum hvors um sig, annars vegar á Hólum og hins vegar í Skálholti, nema um annað sé samið.

Greinargerð.

Flutningsmenn tillögu þessarar telja rétt og tímabært að leggja af embættisbústað biskups Íslands. Engin sjáanleg rök eru fyrir því að biskup Íslands þurfi embættisbústað frekar en aðrir vígðir þjónar á höfuðborgarsvæðinu. Enginn embætismaður ríkisins hefur embættisbústað þar lengur nema forseti Íslands. Móttökur á vegum biskups geta sem best farið fram í öllum þeim fjölmörgu safnaðarheimilum sem eru á höfuðborgarsvæðinu og benda flutningsmenn sérstaklega á safnaðarheimili Dómkirkjunnar í Reykjavík, heimakirkju biskups, sem vel viðeigandi húsnæði fyrir móttökur og aðra viðburði sem biskup kann að standa fyrir. Rekstrarkostnaður eignarinnar er verulegur og umtalsvert tap á rekstri fasteignarinnar. Flutningsmenn telja að svo hafi verið alla tíð þar sem leigugjald er mjög lágt en fasteignagjöld og iðgjöld lögboðinna trygginga há. Annar kostnaður er umtalsverður t.d. vegna umhirðu lóðar, ræstinga á húsnæðinu, rekstur öryggiskerfis og vegna viðhaldsframkvæmda.

Umtalsverðir fjármunir eru bundnir í núverandi fasteign sem þjónar sem embættisbústaður biskups. Fasteignamat eignarinnar fyrir árið 2024 er kr. 292.050.000. Líklegt er að söluverð eignarinnar sé umtalsvert hærra.

Flutningsmenn benda á að rétt sé að söluheimild sú sem kirkjuþing 2022-2023 samþykkti í 12. máli þingsins verði nýtt og þykir skynsamlegt að söluandvirði fasteignarinnar verði ráðstafað til myndunar varasjóðs Þjóðkirkjunnar, sbr. 1. mgr. 3. gr. starfsreglna um fjármál Þjóðkirkjunnar nr. 13/2021-2022.

Rekstraryfirlit fyrir árin 2020, 2021 og 2022 fylgja máli þessu.